

Sp.

## 375. Tillaga til þingsályktunar

um Menntaskólann í Reykjavík.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að Menntaskólinn í Reykjavík hafi áfram aðsetur þar, sem hann er nú, og að veitt verði nægilegt fé í fjárlögum til þess að endurbæta hið gamla skólahús, þannig að það fullnægi nútíma kröfum til skólahúsa, og til þess að byggja nýtt leikfímishús og rektorsbústað við skólann. Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að tryggja skólanum nægilegt landrými milli skólalóðar og Þingholtsstrætis.

### Greinargerð.

Undanfarið hafa orðið allmiklar umræður um það, hvar réttast sé og hagkvæmast, að Menntaskólinn í Reykjavík hafi aðsetur sitt í framtíðinni. Hefur mönnum að vonum orðið sérstaklega tíðrætt um þetta í tilefni af aldarafmæli því, sem skólinn átti á síðastliðnu sumri á þeim stað, þar sem hann er nú. Hafa um nokkurt skeið verið á döfnni ráðagerðir um að flytja skólann burt frá þessum stað og í eitthvert af úthverfum bæjarins, byggja honum þar nýtt hús að þá væntanlega rífa hið aldna og virðulega heimkynni hans við Lækjargötu. Þessar fyrirætlánir hafa hrint af stað hreyfingu meðal eldri og yngri nemenda skólans og annarra velunnara hans, og vilja þeir, að skólinn verði ekki fluttur frá þeim stað, þar sem hann hefur verið um hundrað ára skeið og hugfólginn nemendum hans og raunar öllum, sem hafa skilið þýðingu þessarar menntastofnunar fyrir íslenskt þjóðlíf a liðinni öld.

Pótt við Íslendingar séum gömul þjóð og tölum forna tungu og eigum glæstar bókmenntir frá fyrri öldum, er hér á landi tiltölulega fátt sýnilegra minja, er tengi saman fortíð þjóðarinnar og nútíð hennar. En slíkt verður jafnan til þess að efla þjóðarvitund og þjóðrækni og þess vegna ber brýna nauðsyn til þess að varðveita allar slíkar minjar og efla slík tengsl við fortíðina. Ef Menntaskólinn væri fluttur frá þeim stað, þar hann hefur verið að festa rætur í hundrað ár og gamalli og sögufrægri byggingu tortímt, þá væri hér stefnt í öfuga átt, enda má minnast þess, að við menntaskólahúsið eru ekki aðeins tengdar minningar sem skólahús, þar sem flestir forvígismenn þjóðarinnar á heilli öld hafa stundið nám, heldur einnig sem samkomustað Alþingis á því skeiði, er það háði einn örlagaríkasta þáttinn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar undir forystu Jóns Sigurðssonar.

Menntaskólinn á því að fá að vera kyrr á þeim stað, þar sem hann hefur verið, og það á að varðveita hið aldna hús hans sökum virðuleika þess og sögufrægðar. Af þessum sökum er hér lagt til, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því og jafnframt fyrir fjárveitingu til þess að halda húsinu sem bezt við og endurbæta það þannig, að það verði sem fullkomnast skólahús. Jafnframt er svo lagt til, að hafizt verði handa um byggingu leikfímishúss og rektorsíbúðar. En til þess að tryggja framtíðarvist skólans á þessum stað og sjá fyrir nægilegu landrými fyrir nýbyggingar og skólagarð, er jafnframt lagt til, að ríkisstjórnin tryggi skólanum nægilegt landrými að baki þeirrar lóðar, sem hann nú hefur til umráða og er allt of lítil.

Ýmsir hafa á það bent, að menntaskólahúsið sé of lítið fyrir skólann, eins og hann er orðinn nú, og er það vafalaust rétt. Tveir af kennurum skólans hafa stungið upp á því, að stofnaður yrði annar menntaskóli í Reykjavík, og er sú tillaga vel athugandi. Einnig kæmi til greina að hafa skólann einn eftir sem áður, en byggja nýtt hús fyrir t. d. stærðfræðideild hans, er honum hefðu verið fengnar til umráða lóðir til viðbótar að baki hússins, þar sem það er nú. Þessi atriði eru látin liggja milli hluta í tillögu þessari, en lögð megináherzla á hitt, að menntaskóli verði áfram á þeim stað, sem verið hefur skólasetur í hundrað ár, og að hinu aldna skólahúsi við Lækjargötu verði ekki tortímt eða það flutt til, heldur varðveitt og sýndur sem fyllstur sómi.